



Skútustaðahreppur

Skólanefnd

8. fundur

28. janúar 2016

Kl. 15:15-16:30

Mætt: Arnar Halldórsson, Einar Jónsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Þuríður Helgadóttir og Þuríður Pétursdóttir, Ingibjörg Helga Jónsdóttir leikskólastjóri Yls, Sólveig Jónsdóttir skólastjóri Reykjahlíðarskóla og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara.

1. **Fundarsetning.** Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. **Fjárhagsáætlun 2016.** Gögn lögð fram til umræðu, rætt um rekstur skólanna og samanburð við rekstur annarra sveitarfélaga.
3. **Tónlistarskólinn.** Staðan er óbreytt, enn vantar tónlistarkennara og leit stendur yfir. Hugmynd nú um að eldri nemendur komi saman til að spila án leiðsagnar, til þess að viðhalda færninni.
4. **Námsráðgjöf.** Samningar hafa náðst við námsráðgjafann í Framhaldsskólanum á Laugum um að taka að sér námsráðgjöf fyrir 10. bekkina. Í framhaldinu verður skoðað hvort möguleiki verði á þjónustu við yngri nemendur.
5. **Flutningur leikskólans Yls í húsnæði Reykjahlíðarskóla – staðan.** Frá sjónarhóli leikskóla hafa breytingarnar gengið vonum fram, starfsfólk almennt mjög ánægt, þó vissulega sé einkennilegt að hafa leikskólann tvískiptan sem stendur. Eldri börnin eru óðum að aðlagast nýjum aðstæðum í Reykjahlíðarskóla. Yngri börnin á Hlíðarvegi eru núna 11 og eldri börnin 11 í húsnæði Reykjahlíðarskóla. Frá sjónarhóli grunnskóla er sömu sögu að segja. Starfsfólk er ánægt og nemendur eru óðum að aðlagast nýjum skólafélögum. Sameiginlegur fundur starfsfólks beggja skólanna var haldinn í vikunni og var góður. Allt starfsfólk hefur lagt sig mjög fram um að breytingarnar tækjust sem best og eiga kærar þakkir skyldar fyrir það. Staða breytinga á húsnæði. Hönnunarvinna á tengibyggingu viðbyggingar við smíðastofu og skipulag rýmisins stendur yfir. Hönnun lóðar er næst á dagskrá. Skoða þarf gaumgæfilega aðkomuleiðir að skóla og íþróttahúss fyrir gangandi og akandi umferð. Æskilegast væri að akstursleið væri sunnan skólans og austurfyrir og gönguleiðir að skóla og íþróttahúsi á milli skóla og íþróttamiðstöðvar. Nefnd um sameiningu skólanna ræði málið innan nefndarinnar og finni lausnir.
6. **Opnunartími leikskólans Yls.** Undanfarin ár hefur leikskólinn verið opinn frá 8:10-16:30. Umræða hefur verið uppi um að breyta þessu fyrirkomulagi, mögulega þannig að opnunartími verði miðaður við t.d. 8:30-16:30 eða 8-16. Leikskólastjóri geri könnun á meðal foreldra um málið.
7. **Gjöf til leikskólans Yls.** Leikskólanum Yl var færð vegleg peningagjöf frá fjölskyldu Garðars og Valeríja. Fjármuninum var varið til kaupa á tveimur þríhjólum, vörubíl, stórrí bílamottu, púslmottu og kapla-trékubbum. Garðar, Valeríja og Eldeyju eru færðar innilegar þakkir fyrir rausnarlega gjöf.
8. **Starfsmannamál leikskólans Yls.** Enn hafa verið að koma upp veikindi á meðal starfsfólks en tekist að ráða gott fólk í þær afleysingar. Ennfremur hefur borist umsókn um tímabundnabundnar afleysingar.
9. **Önnur mál.** Engin önnur mál.

Fundarritari Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir